



## Vinnureglur Vísir í landi vegna veirufaraldurs COVID-19

Eftirfarandi eru þær vinnureglur sem að Vísir hefur sett sér vegna undanþágu frá 3. og 4. gr auglýsingar nr.243/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Vinnureglur þessar eru til þess gerðar að vernda starfsfólk sitt fyrir smiti, koma í veg fyrir útbreiðslu COVID-19 og tryggja að fyllstu varúðar sé gætt við framleiðslu matvæla.

Tilgangurinn er að tryggja að nýuppsettum innanhúss verkferlum, sóttvörnum og svæðaskiptingu starfsfólks sé fylgt samkvæmt skilyrðum landlæknis fyrir undanþágu til rekstrar þar sem 20 manns eða fleiri eru við störf.

Vísir hefur fjórar starfsstöðvar í landi: frystihús, salthús, Gjögurshús og skrifstofu. Hver starfstöð hefur skipt upp starfsfólki sínu í hópa út frá skilgreindum svæðum. Hér að neðan má sjá hvernig hver starfstöð hefur sett upp sína áætlun.

## Frustihús

Vísir skiptir frystihúsinu upp í 16 afmörkuð litakóðuð svæði og myndar úr þeim 5 hópa (svæðaskiptinguna má sjá í Viðauka I.)

Tafla 1 Útfærsla á hópaskipan í Frystihúsi og mætingu í stoðrymi og mötuneyti

Hópaskipting	Fjöldi	Svæði	Mæting	Mötuneyti	Kaffi	Matur
<b>F-Hópur 1</b>	18	Frá móttöku til pökkunar	Frystihús kl.6:00-7:00	Frystihús	8:40-9:10	11:40-12:10
<b>F-Hópur 2</b>	19	Frá móttöku til pökkunar	Frystihús kl.6:00-7:00	Frystihús	9:20-9:50	12:20-12:50
<b>F-Hópur 3</b>	17	Frá móttöku til pökkunar	Frystihús kl.6:00-7:00	Frystihús	8:00-8:30	11:00-11:30
<b>F-Hópur 4</b>	11	Frá móttöku til pökkunar	Flokkunarstöð kl. 6:00-7:00	Flokkunarstöð	8:30-9:00	11:00-11:30
<b>F-Hópur 5</b>	11	Frá móttöku til pökkunar	Flokkunarstöð kl.6:00-7:00	Flokkunarstöð	9:10-9:40	11:40-12:10

Starfstöðin hefur verið skipt upp í 16 litakóðuð svæði og svæðin afmörkuð með plasti. Starfsmenn í hverju svæði fyrir sig er úthlutað ákveðnum lit sem að tengir þau við það salerni sem þau mega nota og borð sem þau eiga að sitja á.

Hóparnir eru settir saman úr starfsfólki mismunandi svæða. Einn hópur í einu fer saman í kaffi og mat en sitja í 2 metra fjarlægð frá hvorum öðrum. Þrír hópar af fimm mæta í frystihúsið að Miðgarð 3 og nýta salernisaðstöðu og mötuneytið þar á ólíkum tímum. Tveir hópar mæta í Flokkunarstöðina að Seljabót 8 að og nýta salernisaðstöðu og mötuneyti þar á ólíkum tímum. Milli þess sem að hóparnir fara úr kaffitíma eða mat líða 10 mínútur þar til næsti hópur mætir. Þetta er gert til þess að tryggja að þrifastarmenn nái að sótthreinsa vel á milli hópa í mötuneyti, búningasklefum og salernum.

Eftirlitsmaður stendur við útidyrhurðina og gætir þess að einungis séu 20 manns að koma inn í einu, 2 metrar eru á milli manna og handspritt er notað. Þetta skráir hann í þar til gert COVID skráningablað.

Ítrekað er bent á mikilvægi handþvottar og sótthreinsir er á borðum og á gönguleiðum. Einnig er sótthreinsað af hurðarhúnum og klósettum a.m.k sex sinnum á dag. Starfsfólk er upplýst af þeim aðgerðum sem gerðar eru til þess að minnka hættuna af smiti.

## Sathús

Vísir skiptir Salthúsinu upp 4 svæði og myndar úr þeim 4 hópa (svæðaskiptinguna má sjá í Viðauka II)

Tafla 2 Útfærsla á hópaskipan í Salthúsi og mætingu í stoðrymi og mötuneyti

Hópaskipting	Fjöldi	Svæði	Mæting	Mötuneyti	Kaffi	Matur
<b>S-Hópur 1</b>	16	Pökkun	Salthús kl.7:40-8:00	Mötuneyti Salthús	10:05-10:35	12:35-13:05
<b>S-Hópur 2</b>	6	Niðursöltun	Salthús kl. 7:40-8:00	Fundarherbergi	10:00-10:30	12:30-13:00
<b>S-Hópur 3</b>	16	Vinnslusalur 1	Salthús kl. 7:10-7:30	Mötuneyti Salthús	9:25-9:55	12:00-12:30
<b>S-Hópur 4</b>	16	Vinnslusalur 2	Salthús kl.7:10-7:30	Fundarherbergi	9:30-10:00	12:05-12:35

Salthúsið stýrir starfsfólki sínu þannig að starfsfólki er skipt upp í 4 hópa eftir svæði. Svæðin eru vel afmörkuð ýmist með sér álmú eða með plastvegg. Tveir hópar mæta í einu ýmist á milli kl.7:10-7:30 eða milli kl. 7:40-8:00. Eftirlitsmaður stendur við útidyrhurðina og gætir þess að einungis séu 20 manns að koma inn í einu, 2 metrar eru á milli manna og handspritt er notað. Þetta skráir hann í þar til gert COVID skráningablað.

Mötuneytin eru tvö, en fundarherbergi hefur verið breytt í mötuneyti fyrir annann hópinn. Aðeins er einn hópur í kaffi eða mat í einu í hverju mötuneyti. Hóparnir fara á sitthvorum tímanum í kaffi og mat og líða 5 mínútur á milli hópa. Þannig er tryggt að þrifastarmenn nái að sótthreinsa vel á milli hópa í mötuneyti, búningaklefum og salernum.

Ítrekað er bent á mikilvægi handþvottar og sótthreinsir er á borðum og á gönguleiðum. Einnig er sótthreinsað af hurðarhúnum og klósettum a.m.k þrisvar á dag. Starfsfólk er upplýst af því sem er gert til að minnka hættuna af smiti.

## Gjögurhús

Vísir skiptir Gjögurshúsinu upp 1 svæði sem mynda 1 hóp

Tafla 3 Útfærsla á hópaskipan í Gjögri og mætingu í stoðrymi og mötuneyti

Hópaskipting	Fjöldi	Mæting	Mötuneyti	Kaffi	Matur
<b>G-Hópur 1</b>	19	Gjögurhús kl.7:00	Mötuneyti Salthús	8:50-9:20	11:30-12:00

## Skrifstofa

Vísir skiptir starfsfólki skrifstofu og stjórnendum upp 1 svæði sem mynda 1 hóp

Tafla 4 Útfærsla á hópaskipan á skrifstofu og mætingu í stoðrymi og mötuneyti

Hópaskipting	Fjöldi	Mæting	Mötuneyti	Kaffi	Matur
<b>Sk-Hópur 1</b>	15	Heimahús eða skrifstofa kl. 8:00	Kaffiaðstaða á skrifstofu	10:00- 10:30	12:00-12:30

Starfólk skrifstofu er beðið um að sinna starfi sínu eins mikið heima við og kostur er. Útbúin hefur verið kaffirými þar sem skrifstofufólk má einungis sækja sér kaffi. Skrifstofufólk má ekki fara á aðrar starfstöðvar né fara á önnur mötuneyti.

Útgerðarstjórar og þjónustumenn skipa skipta með sér verkum þannig að bara einn fer um borð í hverri landlegu. Þá eiga þeir ekki að fara á aðrar starfstöðvar fyrirtækisins né á skrifstofu.

## Eftirfarandi reglur og skráningar gilda um allar starfstöðvar

1.) Tryggt er að enginn sé í vinnu sem finnur fyrir einkennum flensu.

Staðsetning	Inngangur og eldhús
Lýsing	Starfsfólk sé í góðu sambandi við sína yfirmenn og taki enga áhættu finni þeir fyrir einkenni flensu. Starfsfólk er beðið um að hitamæla sig áður en þeir mæta til vinnu. Sé starfsfólk með flensueinkenni er viðkomandi beðinn um að mæta ekki til vinnu.
Tíðni	<b>1x á dag</b>
Viðmiðunarmörk	Hiti starfsmanna yfir 37°C, slappleiki, beinverkir, kvef, hálsbólga eða breytt bragð- og lyktarskyn
Úrbætur	Starfsmenn fá ekki að mæta til vinnu
Skráning	Veikindi eru skráð í COVID-19 skráningarskjal. Einnig eru skráð niður tilfelli þar sem fólk er sent heim.
Ábyrgð/framkvæmd	Rekstarstjóri/gæðastjóri og verkstjóri

2.) Enginn samgangur er á milli starfstöðva Vísis.

Staðsetning	Aðgangsstýringar starfstöðva
Lýsing	Vísir hefur fjórar starfsstöðvar. Frystihús, Salthús, Gjögurshús, Skrifstofa. Meginreglan er að enginn fer úr einni starfsstöð í aðra á meðan á vinnslu stendur. Einnig eru heimsóknir bannaðar. Ef nauðsynlega þarf að færa fólk á milli starfstöðva þá skal það gert um helgi. Þannig er tryggt að meira en sólarhringur líður frá því að viðkomandi var á fyrri vinnustað. Húsnæðin aðgangsstýrð. Fundir fara allir fram sem fjarfundir.
Tíðni	Rekstarstjórar hvorrar starfsstöðvar hefur yfirsýn á hvernig flæði starfsfólks síns er háttað <b>öllum stundum</b> .
Viðmiðunarmörk	Enginn komi úr annari starfsstöð
Úrbætur	Stöðufundur stjórnanda vegna verkferla og stjórnun starfsmanna alla virka daga
Skráning	Rekstrarstjórar halda utanum mætingu starfsfólks.
Ábyrgð/framkvæmd	Rekstarstjóri/gæðastjóri og verkstjóri

## 3.) Enginn samgangur er á milli starfsmanna mismunandi hópa hvers húss

Staðsetning	Vinnslur, matsalur og salerni
Lýsing	Meginreglan er að enginn fer úr sínu svæði í annað. Ef nauðsynlega þarf að færa fólk á milli vinnustaða þá þá skal gera það um helgi. Þannig er tryggt að meira en sólarhringur líður frá því að viðkomandi var á fyrra svæði. Starfsmenn fara einungis í kaffi eða mat með starfsfólki í sínu svæðisskipani. Kaffistofur sótthreinsaðar á milli svæðishópa.
Tíðni	Stöðugt eftirlit
Viðmiðunarmörk	Enginn fer á milli svæða.
Úrbætur	Stöðufundur stjórnanda vegna verkferla og stjórnun starfsmannan alla virka daga.
Skráning	Eftirlit skráð í COVID-19 skráningarskjal 3x á dag.
Ábyrgð/framkvæmd	Rekstarstjóri/gæðastjóri og verkstjóri

## 4.) Aukning á þrifum og sótthreinsun starfsmannarýma

Staðsetning	Stoðrymi, mötuneyti og salerni
Lýsing	Aukið hefur verið við þrif á stoðrymum starfsstöðva Vísis, mötuneyta og salerna. Þrifið á milli hópa.
Tíðni	Eftir umgang hvers hóps
Viðmiðunarmörk	Enginn fer inn á svæði sem ekki hefur verið sótthreinsað.
Úrbætur	Tími þrifafólks aukinn.
Skráning	Tímasetning þrifa skráð á sýnilegt skráningaskjal á veggjum mötuneyta.
Ábyrgð/framkvæmd	Framkvæmdarstjóri/ starfsfólk mötuneyta

## 5.) Fjarlægð milli starfsfólks skal vera minnst 2 metrar

Staðsetning	Öll rými
Lýsing	Sett hefur verið upp sú regla að fjarlægð á milli starfsmanna verði yfir tveimur metrum. Þar sem því verði ekki komið við, skuli starfsmenn klæðast viðeigandi búnaði til að forðast smit, s.s. hlífðarfatnaði, plastsvuntum, hönskum og hlífðargrímum.
Tíðni	Stöðugt eftirlit gæðastjóra og verkstjóra
Viðmiðunarmörk	Tveggja metra fjarlægð milli manna eða hlífðarfatnaður
Úrbætur	Endurskipulagning tekin fyrir á stöðufundi stjórnenda
Skráning	Eftirlit skráð í COVID-19 skráningarskjal 3x á dag.
Ábyrgð/framkvæmd	Rekstrarstjóri/ gæðastjóri og verkstjóri

## Vinnureglur hjá lykil- og millistjórnendum Vísis vegna veirufaraldurs

Lykil- og millistjórnendur skulu vera dreifðir yfir starfstöðvarnar til þess að koma í veg fyrir að missa þá alla í veikindi eða sóttkví samtímis. Til að vera undirbúin undir að lykil og eða millistjórnendur veikist eða lendi í sóttkví skal dreifa þeim um húsin (sjá að neðan: heimahús, vinnsluhús, skrifstofur) þannig að hægt verði að bregðast við og skipta verkefnum og ábyrgð milli manna. Þannig verði tryggt að hægt sé að fylla í skörðin með reynslufólki.

Þeir sem eru af einhverjum ástæðum í frí á næstu vikum þurfa að vera viðbúinir því að vera kallaðir til starfa ef veikindi eða krafa um sóttkví annara kallar á það.

Í frystihúsi er rekstrarstjóri, verkstjóri, gæðastjóri og þróunarstjóri einn hópur. Í salthúsi verða tveir verkstjórar og gæðastjóri sem er annar hópur. Í Gjögri er verkstjóri og gæðaeftirlit sem er þriðji hópurinn á gólfi.

### Vinnureglur hjá viðhaldsdeils Vísis vegna veirufaraldurs

Í frystihúsi eru tveir vélstjórar á vakt, tveir í salthúsi. Ef þörf er á viðgerð á vinnutíma í Gjögri þá er kallað í vélsmiðjuna. Vélstjórar úr salthúsi eða frystihúsi geta þó sinnt störfum í Gjögri þegar starfsmenn eru í mat eða kaffi eða eftir að vinnu líkur. Þeir þurfa alltaf að gæta þess að vera gallaðir upp í varnarbúninga hvort sem þeir eru í Gjögri eða í „eigin“ húsum þar sem þeir þurfa að fara á milli svæða innan hvers vinnsluhúss.

### Vinnureglur hjá skrifstofudeild Vísis vegna veirufaraldurs

Starfólk er beðið um að sinna starfi sínu eins mikið heima við og kostur er. Útbúin hefur verið kaffirými þar sem skrifstofufólk má einungis sækja sér kaffi. Skrifstofufólk má ekki fara á aðrar starfstöðvar né fara á önnur mötuneyti.

Með skrifstofufólkinu er rekstrarstjóri saltfisks og forstöðumaður gæðamála. Þeir eru til taks á gólfið ef verkstjórar gæðastjórar eða rekstrarstjórar þurfa frá að hverfa. Eins þarf kerfisstjóri að halda sig á skrifstofu til að geta leyst þróunarstjóra af hólmi. Aðgreina þarf fólk eftir verkefnum þannig að sem minnst hætta sé á að þeir geta leyst hvorn annan af þurfi báðir frá að hverfa á sama tíma.

### Vinnureglur hjá útgerðardeild Vísis vegna veirufaraldurs

Útgerðarstjórar og þjónustumenn skipa skipta með sér verkum þannig að bara einn fer um borð í hverri landlegu. Þá eiga þeir ekki að fara á aðrar starfsstöðvar fyrirtækisins né á skrifstofu.

### Vinnureglum hjá starfsfólki mötuneyta Vísis vegna veirufaraldurs

Um fólk í mötuneyti gildir það sama og hér að ofan um ferðir milli húsa, samneyti við aðra o.fl. Allur matur hefur verið einfaldaður og fækkað hefur áhöldum sem notuð eru og skipt um milli hópa. Starfsfólk mötuneyta skal bera grímur og hanska. Aukið hefur verið við starfmann sem sér um þrif á stoðrymum á milli þess sem að hóparnir mæta.




---

Viðauki

---

I. Svæðisskipan í Fyrstihúsi



## II. Svæðisskipan í Salthúsinu

